

## Vinnuverndarstefna

### 1. Tilgangur og umfang

Stefna félagsins í vinnuvernd tekur til allrar starfsemi félagsins og starfsfólk jafnt sem stjórn skal virða hana í öllum störfum sínum fyrir félagið. Stefna í vinnuvernd byggir á gildum og stefnu Isavia og uppfyllir kröfur í lögum og reglugerðum.

### 2. Stefna

Isavia skuldbindur sig til að vera til fyrirmyndar í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum með því að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir þá sem starfa á og heimsækja starfsstöðvar félagsins.

### 3. Markmið

Isavia vinnur með virkum og skipulögðum hætti að því að:

- Stuðla að menningu þar sem hver starfsmaður ber ábyrgð á eigin öryggi, er talsmaður aukins öryggis annarra og leitast við að koma auga á, meta og stjórna áhættum í vinnuumhverfinu.
- Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað stuðli að góðri heilsu, vellíðan starfsmanna og slysalausri starfsemi.
- Fylgja lagalegum kröfum sem lágmarksviðmið og gera strangari kröfur þar sem við á.
- Vinna að stöðugum umbótum í málefnum sem snúa að öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum.
- Efla þekkingu starfsmanna á málefnum sem snerta öryggi og vinnuvernd.
- Hvetja og styrkja starfsmenn til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

### 4. Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef félagsins. Stefna þessi er í gildi og bera framkvæmdastjórar ábyrgð á framfylgd hennar. Samþykkt af forstjóra Isavia hinn 29. ágúst 2019.